



# SVEITARSTJÓRN DALABYGGÐAR

Úr dagbók sveitarstjóra, framlagt á 232. fundi  
þann 9. mars 2023

Vinna við uppgjör á rekstri Dalabyggðar fyrir árið 2022 hefur gengið afar vel og hér fyrr á fundinum afgreiddum við ársreikning fyrir árið 2022 við fyrri umræðu. Ég vil þakka þeim sem hafa komið að þeirri vinnu á einn eða annan hátt. Niðurstaða á rekstri A hlutans okkar er mjög góð og í raun flestir þættir sem eru að standast þá áætlun sem gerð var. Í B hlutanum eru það Silfurtún og Dalaveitur sem eru að skapa þann halla sem raun ber vitni og ber okkur að vinda ofan af þeim halla nú og á allra næstu misserum.

Unnið er að gerð formlegra verkferla fyrir byggðarráð og starfsmenn sem unnið skal samkvæmt við gerð viðauka sem gera þarf við gildandi fjárhagsáætlun hverju sinni. Er þetta einn þeirra þátta sem endurskoðendur Dalabyggðar hafa bent á undanfarin ár í tengslum við endurskoðun hverju sinni. Á næsta fundi byggðarráðs munum við kynna tillögu að verkferil sem fylgja skal í tengslum við gerð viðauka.

Unnið hefur verið að undirbúningi þess að uppfæra gildandi rekstrarsamninga sem Dalabyggð er aðili að og einstaka þætti þeirra í ljósi bókunar byggðarráðs á 305. fundi ráðsins. Er hugsunin að baki þeirri yfirferð og uppfærslu að skapa meiri festu í rekstrarumhverfi þeirra aðila sem um ræðir þannig að þeim sé gert kleift að gera áætlanir lengra fram í tímann en núverandi samningsumhverfi bíður upp á.

Fundir varðandi félagsþjónustu og tengd málefni hafa verið haldnir og ýmis samtöl átt sér stað. Mín skoðun er sú að við í Dalabyggð þurfum að endurhugsa þennan þátt þjónustu okkar og starfsemi með það að leiðarljósi að efla t.a.m. forvarnarstarf og styðja betur við samfélagið og skólaumhverfið okkar en gert hefur verið. Um er að ræða samfélagslega mikilvægt mál og vanda þarf til verka í samstarfi við fagaðila. Undirritaður átti fund með forsvarsmönnum Samskiptastöðvarinnar vegna fyrrgreindra málefna fyrir stuttu og eru fulltrúar þess fyrirtækis farnir að sinna einstaka málum fyrir Dalabyggð nú þegar.

- Undirritaður sat fund, ásamt fulltrúum íbúa, með forsvarsmönnum Samkaupa sem reka dagvöruverslun hér í Búðardal. Það er ríkt hagsmunamál okkar í Dalabyggð að verslunarkerðjan hugi að sínu baklandi hér í Dalabyggð sem erum við skattgreiðendur á svæðinu. Ákveðin niðurstaða fékkst á fundinum og verður afar spennandi að sjá efndir þeirra hjá Samkaupum í þeim efnum og bind ég vonir við að við munum sjá breytingar til batnaðar á næstu dögum og vikum hvað vöruúrval, uppröðun og ekki síst hvað vöruverð snertir.



- Svokölluð kjördæmavika var dagana 13. til 17. febrúar s.l. Fulltrúar Vinstri grænna, Framsóknarflokks og Samfylkingar komu til okkar í Dalabyggð og áttum við fulltrúar sveitarfélagsins góð og gagnleg samtöl við þá alþingismenn og ráðherra sem mættu til þeirra funda sem haldnir voru. Farið var yfir þau helstu mál sem á okkur brenna og þá innviðauppbýggingu sem nauðsynleg er í Dalabyggð og þá helst horft til vegamála, afhendingaröryggi rafmagns, fjarskiptamál og slíkra þátta. Mun fleira bar á góma og vonandi að það fólk sem sá sér fært að koma til okkur í Dalabyggð tali máli okkar með einum eða öðrum hætti inn á Alþingi.
- Framhald var á samtali við Lögregluna á Vesturlandi vegna löggæslumála í Dalabyggð og tengdra þátta. Næsti fundur er fyrirhugaður þann 24. mars og þann sama dag er búið að kalla saman Almannavarnarnefnd Vesturlands til skrafs og ráðagerða.



Byggðarráð fól á síðasta fundi sínum mér og formanni byggðarráðs að ganga til samninga við Eykt ehf. um uppbyggingu íþróttamannvirkja. Síðan þá hafa átt sér stað ýmis samskipti við verktaka og eins lánastofnanir varðandi fjármögnun verksins. Verkefnið er mjög stórt og umfangsmikið á okkar mælikvarða og því mikilvægt að vanda til verka hvað allan undirbúning varðar. Að óbreyttu er stefnt að því að formlegar framkvæmdir hefjist inna 4 til 5 vikna.

Samþykkt hefur verið að semja við VSÓ um skyldur og verkefni skipulagsfulltrúa næstu 3 til 5 mánuði sem og um ráðgjöf varðandi það hvernig best sé á málum haldið hvað varðar umgjörð um verkefni skipulags- og byggingarmála í byggðarsamlagi því sem við í Dalabyggð erum með í samstarfi við Reykhóla og Strandir. Verkefnið fer af stað á næstu dögum.

- Undirritaður sat sameiginlegan fund sveitarfélaga og annarra hagaðila á Vesturlandi um öldrunarmál fyrir stuttu. Umræðuefnið var að mestu leiti helgað möguleikum til samþættingar líkt og verið er að ræða hér í Dalabyggð í samstarfi sveitarfélagsins, Silfurtúns og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.
- Undirritaður sendi nú í vikunni erindi á Sjúkratryggingar Íslands og afrit á heilbrigðisráðherra, alþingismenn í NV-kjördæmi sem sitja í fjárlaganefnd og á sveitarstjórn Dalabyggðar þar sem farið var yfir og rakin samskipti við SÍ vegna þess daggjaldagrunns sem Silfurtún fær greitt daggjöld úr frá. Í því ljósi að fram að sumri 2022 var annaðhvort ekki metið eða tekið tillit til allra þátta við gerð matsins þá munar verulega á þeim grunni sem við fáum daggjöld greidd nú eða þess hver raun hjúkrunarþyngd er á heimilinu. Er það von mín að SÍ, ráðherra og þingmenn taki tillit til aðstæðna og leiðrétti þann grunn sem Silfurtún fær greitt út frá. Rekstrarvandi Silfurtúns er viðvarandi því miður og ber okkur skylda til þess að leita allra leiða til að lagfæra þá þætti sem hægt er og er tekjuhliðin einn angur þess.





- Mikil flóð urðu hér í Dalabyggð þegar mikið vatnsveður gekk hér yfir í febrúarmánuði. Skemmdir urðu á vegum og eins á girðingum og túnum. Við höfum nú þegar vakið athygli á þeim áhyggjum okkar að yfirstjórn vegamála láti þann kostnað sem hlaust af þeim bráðaviðgerðum á vegum og ræsum bitna á öðru viðhaldsfé, það munum við ekki setta okkur við á neinn hátt og ef sú verður raunin þá verður því mótmælt kröftuglega.
- Undirritaður fór ásamt vaskri sveit út að Laugum í Sælingsdal fyrir skömmu. Erindið var að skoða umhverfi Guðrúnarlaugar og í framhaldinu að setjast yfir umhirðu og umsýslu með lauginni í samstarfi við staðarhaldara. Við erum með í farvatninu undirbúning að því að fara í ákveðnar endurbætur þannig að þessum magnaða stað sé veitt sú virðing sem hann á skilið og að gestir geti komið í heimsókn og notið þessarar náttúruperlu sem Guðrúnarlaug er.



- Fjölsóttur fundur var haldinn í Nýsköpunarsetrinu að frumkvæði atvinnumálanefndar Dalabyggðar í tengslum við áform um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis hér í Búðardal og í kjölfarið hefur atvinnumálnefnd skipað hóp til að halda utan um næstu skref. Hér er að ferðinni spennandi verkefni samfélaginu okkar til heilla.
- Talandi um skipan í starfshópa þá hefur starfshópur hafið störf til að vinna að því, ásamt starfsfólki Dalabyggðar, að finna söfnunum okkar stað til að geyma muni og koma með tillögur að stöðum til að sýna munina á. Þetta er hálfgildings „sprett hópur“ sem hér um ræðir og á hópurinn að skila tillögum til byggðarráðs innan fárra vikna.



- Ungmennaráð Dalabyggðar fundaði í gær og skipti með sér verkum og ræddi um þau verkefni sem að ráðinu snúa sem og um fund með sveitarstjórn Dalabyggðar. Frekari fréttir munu birtast á heimasíðu okkar á næstu dögum hvað ungmennaráðið varðar.
- Undirritaður fór ásamt formanni fræðslunefndar Dalabyggðar á fund skólameistara Menntaskóla Borgarfjarðar í kjölfar bókunar fræðslunefndar á síðasta fundi þar sem okkur var falið að taka samtalið lengra um framhaldsskólanám ungmenna í Dalabyggð. Fundurinn var gagnlegur og mögulega er tíðinda að vænta á næstu vikum hvað mögulegt samstarf varðar og útfærslu á því.



*Kúrinnn hefst*

**21. apríl 2023**

Leikfélag Laxdæla mun frumsýna „Vodkakúrinnn“ þann 21. apríl n.k. í tengslum við Jörfagleði sem hefst síðasta vetrardag, þann 19. apríl. Það verður spennandi að sjá hvaða aðra dagskrárliði verður boðið upp á í tengslum við Jörfagleðina okkar.

Búið er að auglýsa eftir umsóknum um styrki í frumkvæðissjóð DalaAuðs og er umsóknarfrestur nú til 31. mars n.k. – nánar til tekið til kl. 12:00 þann dag. Ég hvet áhugasama til að kynna sér málið inn á eftirfarandi slóð:

- <https://dalir.is/frettir/opid-fyrir-umsoknir-i-frumkvaedissjod-dalaauds/> það voru mörg áhugaverð og spennandi verkefni sem fengu stuðning í síðustu úthlutun og vonandi verður framhald á.

Að endingu vil ég vekja athygli á „örsýningu“ sem 6.-7. bekkur Auðarskóla, í samstarfi við Héraðsbókasafn Dalasýslu, standa fyrir hér í stigagangi Stjórnsýsluhússins þessa dagana. Þar, eins og áður, sést skýrt merki þess að það eru upprennandi myndlistamenn hér í Dalabyggð.



Það eru margþætt viðfangsefni hjá okkur í Dalabyggð og er hér aðeins stiklað á stóru, alls ekki er hægt að tæpa á öllu því sem inn á borð okkar starfsmanna Dalabyggðar kemur. Margt er háð trúnaði sem ber að virða.

Við gerum okkar besta til að miðla fréttum af því sem er á döfinni hverju sinni og af nógu er að taka sem betur fer. Verkefni eru mörg og langflest skemmtileg þannig að við horfum björtum augum fram á veginn, Dalabyggð og íbúum þessa góða samfélags til heilla.

